



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpavogi

Sveitarfélagið Hornafjörður
Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Djúpivogur, 31. janúar 2022
MÍ202112-0086/ 6.08 / Þ.E.H.

Efni: Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar - breyting Suðurfjörur

Minjastofnun Íslands hefur móttikið tölvubréf umhverfis- og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar frá 14. desember 2021 þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 á Suðurfjörum. Meðfylgjandi var breytingartillagan, dags. 23. júní 2021.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar leggur fram breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins en hún felur í sér að heimila efnistöku fyrir allt að 2000m³ í Suðurfjörum í landi Borgar (L160078). Efnistakan verður heimiluð til rannsóknar á svæði/svæðum sem samanlagt verða undir 25000m². Efnið verður harpað á staðnum og flutt út til frekari rannsókna. Ef þær koma vel út er fyrirhugað að fara í vinnslu efnis og verður þá gerð önnur breyting á aðalskipulagi og metið hvort framkvæmdir skulu háðar mati á umhverfisáhrifum. Breytingin sem hér er til kynningar nær til greinargerðar gildandi aðalskipulags sveitarfélagsins og uppdráttar. Bætt er hringtákn fyrir efnistökusvæðið sem fær númerið E88 og í greinargerð er bætt við línu í töflu 20.4 Efnistöku- og efnislosunarsvæði í Nesjum.

Aðkoma að svæðinu er frá Suðurlandsvegi vestan Hólmsár og niður með ánni allt niður í fjöru eftir núverandi vegslóða sem er að hluta til á varnargörðum Landgræðslunnar við Hólmsá. Svæði er mótað af framburði jökuláa sem hafa í aldanna rás hlaðið undir sig sandframburði. Landgræðslan hefur unnið að uppgræðslu á svæðinu.

Í kafla 2.2 er fjallað um minjar og segir þar að engar þekktar fornminjar séu á svæðinu.

Í kafla 4 er Umhverfisskýrsla. Þar er ekki lagt mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á menningarminjar.

Í kafla 5.1 kemur fram að skipulagslýsingin hafi verið kynnt vorið 2021. Ekki kemur þar fram að umsögn barst frá Minjastofnun Íslands en hún er dagsett þann 4. júní 2021.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi auk þess sem óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda eða rannsókna án undanfarinnar vettvangskönnunar. Í 5. gr. reglna um skráningu

**Þuríður Elísa
Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

jarðfastra menningarminja nr. 620/2019 segir að óheimilt er að veita byggingar- eða framkvæmdarleyfi án undanfarandi fornleifa, hús og mannvirkjaskráningar.

Eins og kom fram í umsögn Minjastofnunar um skipulagslýsinguna þá hafa fornleifar ekki verið skráðar á svæðinu. Samkvæmt örnefnaskrá er bæjarstæði Bakka norðan við afmarkaða svæðið en innan þess eru hólmar, þar á meðal Fornustekkar en þar segir að stekkur gæti mögulega hafa verið þar hlaðinn úr kökkum. Einnig er þar getið um þúfur og var miðþúfan notuð til að finna dagmál.

Skýr afmörkun fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis liggur ekki fyrir. Ólíklegt er að minjar finnist í jökulframburðinum en innan svæðisins eru hólmar þar sem minjar kunna að vera. Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við breytingu á aðalskipulaginu en vekur athygli á því að áður en framkvæmdir hefjast þarf að bera framkvæmdarsvæðið undir stofnunina til að hægt sé að leggja mat á það hvort að minjar kunni að vera í hættu innan þess svæðis. Óheimilt er að raska fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands auk þess sem þær njóta 15m friðhelgunarsvæðis skv. 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Uppfærð greinargerð þarf að berast stofnuninni til umsagnar þar sem fram koma ofangreindar athugasemdir stofnunarinnar. Einnig vekur stofnunin athygli á því að deiliskipulagstillaga eða leyfi til framkvæmda þurfa einnig að koma til umsagnar hjá stofnuninni. Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Puríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagssvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar (skipulag@hornafjordur.is)